

menn. Þá er framburður kærða óljós í veigamiklum atriðum og stangast á við skýrslur annarra forráðamanna fyrirtækisins.

RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur 5 öðrum mönnum í tengslum við mál þetta. Einn þeirra hefur við yfirheyrslur hjá RLR kannast við að forsvarsmenn félagsins hafi visvitandi rangfært reikningsuppgjör félagsins og jafnframt sammælt um rangan framburð fyrir skiptarétti.

Með hliðsjón af því að framundan er umfangsmikil lögreglurannsókn á stórfelldu fjármálamisferli í tengslum við umrætt gjaldþrot þykir með hliðsjón af framansögðu og með vísan til 1. tlf. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974 rétt að taka kröfu RLR til greina og skal kærði sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Björgólfur Guðmundsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 161/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Helga Magnússyni**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

**Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.

Varnaraðili hefur með heimild í 3. tlf. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 22. þ.m. er barst Hæstarétti næsta dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði úr gildi felldur en til vara að gæsluvarðhaldstími verði stytur. Þá krefst hann kærumálskostnaðar. Af hálfu ákærvalds er þess krafist að úrskurðurinn verði staðfestur.

Svo sem greinir í hinum kærða úrskurði er rökstuddur grunur á að varnaraðili kunni að hafa framið brot er varðað geti fangelsi. Þá ber einnig að fallast á að nauðsyn hafi verið á því skv. 1. tl. 67. gr. laga nr. 74/1974 að koma í veg fyrir að varnaraðili gæti torveldað rannsókn málsins, svo sem með því að bera sig saman við meðkærðu og aðra. Þykir mega staðfesta úrskurðinn, þó með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila skuli standa til miðvikudagsins 11. júní nk.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

#### D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur með þeirri breytingu að gæsluvarðhald varnaraðila, Helga Magnússonar, standi til miðvikudagsins 11. júní nk. kl. 17.

#### Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 21. maí 1986.

Ár 1986, miðvikudaginn 21. maí er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Ágústi Jónssyni aðalfulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

RLR hefur með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 krafist þess að kærði, Helgi Magnússon, löggiltur endurskoðandi, fæddur 14.1. 1949, Vesturströnd 23, Seltjarnarnesi, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00 vegna gruns um brot gegn XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga.

Kærði hefur mótmælt gæsluvarðhaldskröfunni.

#### *Málavextir:*

Með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, uppkveðnum hinn 6. desember 1985, var bú Hafskips h/f, Reykjavík, tekið til gjaldþrotaskipta. Umfangsmikil rannsókn á málefnum búsinns hefur farið fram fyrir skiptarétti. Með vísan til 4. tl. 88. gr. laga nr. 6, 1978 sendi skiptaráðandinn ríkissaksóknara skýrslu, dags. 6. þ.m., um rannsókn skiptaréttar á gjaldþroti Hafskips h/f. Með bréfi ríkissaksóknara til RLR, dags. 7. þ.m., er mælt fyrir um umfangsmikla rannsókn á ætluðum brotum forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f og Útvegsbanka Íslands gegn XIV., XV., XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga.

Í skýrslu skiptaráðanda er greint frá mörgum atriðum sem vekja grun um stórfellt misferli forráðamanna og starfsmanna Hafskips h/f. Fyrir-

sjánaleg er umfangsmikil gagnaöflun og rannsókn RLR, m.a. á eftirtöldum atriðum:

*A. Ætluð brot tengd reikningsskilum og áætlanagerð.*

Grunur leikur á, að á árinu 1984 hafi kærði átt aðild að því að útbúnir voru uppgjörreikningar mismunandi efnis, annar handa forráðamönnum Hafskips h/f, og hinn, sem sýndi betri afkomu, handa öðrum, þ. á m. Útvegsbanka Íslands. Virðist niðurstaða svokallaðs milliuppgjör hafa verið vísitandi rangfærð og síðan hagnýtt félaginu til hagsbóta.

*B. Ætluð brot er tengjast verðmætamati eigna.*

Forráðamenn Hafskips h/f eru grunaðir um að hafa vakið og hagnýtt sér rangar hugmyndir forráðamanna Útvegsbanka Íslands um verðgildi eigna félagsins sem voru til tryggingar lánnum og ábyrgðum bankans, bæði að því er varðar skip félagsins og lausafé. Virðist m.a. hafa vantað allt að kr. 170.000.000 til þess að markaðsverð skipanna stæði undir skuldbindingum. Er kærði grunaður um aðild að blekkingum með þessum hætti.

Auk þess sem að framan greinir er rannsókn RLR ætlað að taka til annarra viðamikilla þátta sem tengjast rekstri Hafskips h/f, svo sem ætlaðra brota í tengslum við hlaupareikninga í vörslu forráðamanna félagsins svo og við bifreiðakaup þeirra, veitingu afsláttar og eftirgjafar flutningskrafna, greiðslu ferðakostnaðar, viðskipta við Reykvíska endurtryggingu h/f, ráðstöfun skuldabréfa vegna hlutafjár aukningar o.fl.

Kærði, Helgi Magnússon, annaðist endurskoðun fyrir Hafskip h/f frá ársbyrjun 1977 þar til í desember 1985 og sá m.a. um uppgjör fyrir félagið. Við handtöku hans í gær var lagt hald á ýmis gögn sem tengjast félaginu. Hann hefur verið yfirheyrður í skiptarétti Reykjavíkur og hjá RLR um nokkur hinna ætluðu brota, en ekkert getað borið um eða gert viðhlítandi grein fyrir mörgum þeirra atriða sem rannsókn RLR hefur beinst að til þessa. Kærði kannast ekki við að hafa rangfært bókhald félagsins. Bornar hafa verið undir kærða ýmsar athugasemdir Valdimars Guðnasonar, lög-gilts endurskoðanda, sem að tilhlutan skiptaréttar hefur stjórnað endurskoðun á afmörkuðum þáttum í rekstri Hafskips h/f, en hann hefur ekki getað gert viðhlítandi grein fyrir veigamiklum atriðum sem athugasemdirnar lúta að.

Kærði er grunaður um aðild að brotum sem geta varðað fangelsisrefsingu samkvæmt XV., XVII. og XXVI. kafla alm. hegningarlaga. Framundan er mjög viðamikil rannsókn á umfangsmiklu sakarefni þar sem margir koma við sögu, en ekki er ljóst á þessu stigi rannsóknarinnar hver þáttur hvers um sig kann að vera í hinum ætluðu brotum. RLR gerði í gær kröfu um gæsluvarðhald á hendur fimm forsvarsmönnum Hafskips h/f auk kærða, sem grunaðir eru um aðild að hinum ætluðu brotum. Einn þessara

manna hefur m.a. skýrt frá því hjá RLR að forsvarsmenn félagsins og kærði hafi vísitandi og að því er ætla verður í blekkingarskyni rangfært eða beitt sér fyrir rangfærslu reikningsuppgjörs félagsins og ennfremur sammælst um rangan framburð fyrir skiptarétti þar að lútandi.

Með gæsluvarðhaldskröfu RLR var lögð fyrir dóminn fyrrgreind skýrsla skiptaráðandans í Reykjavík, bréf ríkissaksóknara, framburðarskýrslur ofangreindra sex manna hjá RLR ásamt úrskurðum og skýrslum um húsleit hjá þremur þeirra.

Af hálfu kærða hefur verið á það bent, að um 5½ mánuður er liðinn síðan bú Hafskíps h/f var tekið til gjaldþrotaskipta og að kærði hafi afhent skiptaráðanda þau gögn, sem farið hefur verið fram á, hann hafi gefið skýrslu í skiptarétti og enn fremur að öðru leyti sýnt fyllsta samstarfsvilja. Þar að auki hafi RLR nú lagt hald á þau gögn sem kærði hafði enn í fórum sínum. Er því haldið fram að skilyrði 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974 séu ekki fyrir hendi.

Með hliðsjón af gögnum málsins og því, sem að framan er rakið, og með vísan til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74, 1974, þykir rétt að taka kröfu RLR um gæsluvarðhald til greina að fullu.

#### Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Helgi Magnússon, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til miðvikudagsins 25. júní 1986 kl. 17:00.

Fimmtudaginn 29. maí 1986.

Nr. 162/1986. **Ákærvaldið**

gegn

**Páli Braga Kristjónssyni.**

Kærumál. Gæsluvarðhald.

#### Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Halldór Þorbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Guðmundur Skaftason.